

# Stjórnartíðindi

## 2005 - B-deild - B105-107

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

### Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

### Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

### Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval ([svavar@kjarrval.is](mailto:svavar@kjarrval.is))

# ***Stjórnartíðindi***

**B 105-107**

**Nr. 789-819**

**2005**

## Efnisyfirlit B 105–107 2005

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn   | Blaðsíðatal |
|-----|------------|---|-------------|
| 789 | 26. ágúst  | Auglýsing um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík .....  | 1709-1710   |
| 790 | 29. ágúst  | Reglugerð um bann við veiðum með fiskibotnvörpu í Víkurál .....   | 1710        |
| 791 | 30. ágúst  | Auglýsing um deiliskipulag á Akranesi .....   | 1711        |
| 792 | 29. ágúst  | Auglýsing um útflutningsgjald af kindakjöti verðlagsárið 2005-2006 .....  | 1711-1712   |
| 793 | 23. ágúst  | Samþykkt um hundahald á Fljótsdalshéraði .....  | 1713-1716   |
| 794 | 23. ágúst  | Samþykkt um kattahald í Reykjavík .....   | 1716-1718   |
| 795 | 22. ágúst  | Samþykkt um kattahald á Fljótsdalshéraði .....  | 1718-1721   |
| 796 | 24. ágúst  | Auglýsing um umferð í Stykkishólmi .....  | 1721        |
| 797 | 30. ágúst  | Auglýsing um heildarþyngd og áspunga ökutækja á þjóðvegum .....   | 1722-1724   |
| 798 | 18. ágúst  | Hafnarreglugerð fyrir Sandgerðishöfn .....  | 1724-1728   |
| 799 | 30. ágúst  | Auglýsing um hættumat fyrir Suðureyri við Súgandafjörð ...  | 1728        |
| 800 | 30. ágúst  | Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 456/1994 um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum með síðari breytingum .....                               | 1729-1730   |
| 801 | 30. ágúst  | Auglýsing um hættumat fyrir Súðavík .....   | 1731        |
| 802 | 30. ágúst  | Auglýsing um hættumat fyrir Þingeyri við Dýrafjörð .....  | 1731        |
| 803 | 1. sept.   | Auglýsing um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 5/2005 .....  | 1731-1732   |
| 804 | 31. ágúst  | Auglýsing um breytingu á auglýsingu um tímabundna takmörkun á innflutningi á tilteknu fersku og frosnu grænmeti sem er upprunið í Thailandi, nr. 779/2005 ..... | 1732        |
| 805 | 30. ágúst  | Auglýsing um deiliskipulag virkjunar í Fjarðará, Seyðisfirði  | 1732        |
| 806 | 29. ágúst  | Auglýsing um skipulagsmál í Hafnarfirði .....   | 1733        |
| 807 | 29. ágúst  | Auglýsing um deiliskipulag frístundabyggðar við Selvatn í landi Selmarkar, Mosfellsbæ .....   | 1733        |
| 808 | 29. ágúst  | Auglýsing um deiliskipulag svæðis fyrir íbúðar- og frístundabyggð í landi Beinárgerðis á Völlum, Fljótsdalshéraði .....   | 1734        |
| 809 | 26. ágúst  | Samþykkt um búfjárhald í Borgarfjarðarhreppi .....  | 1734-1735   |
| 810 | 26. ágúst  | Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 948/2002, ásamt síðari breytingum, um uppruna og ræktun íslenska hestsins .  | 1735        |
| 811 | 26. ágúst  | Gjaldskrá fyrir sérstakt búfjárefirlit í Dalabyggð .....  | 1736        |
| 812 | 25. mars   | Auglýsing um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun .....  | 1736        |
| 813 | 26. ágúst  | Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi á lóð nr. 1 við Holtabyggð í Hafnarfirði .....  | 1737        |
| 814 | 2. sept.   | Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 382, 30. mars 2005   | 1737        |
| 815 | 24. ágúst  | Gjaldskrá fyrir búfjárefirlit í Austurbyggð .....   | 1737-1738   |

# STJÓRNARTÍÐINDI B 105 – 2005

26. ágúst 2005

1709

Nr. 789

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

#### *Hamrahlíð 10, MH.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 7. júlí 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Hamrahlíð 10, lóð Menntaskólans við Hamrahlíð. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Reitur 1.555.2, Starhagi 1 og 3.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur, þann 29. júní 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.555.2 vegna lóðanna að Starhaga 1 og 3. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Reitur 1.171.0, Laugavegur 7.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur, þann 17. ágúst 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.171.0, vegna lóðarinnar að Laugavegi 7. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Arnargata 8.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 18. ágúst 2005 breytingu á deiliskipulagi við Tómasarhaga, vegna lóðarinnar að Arnargötu 8. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Byggðarendi 13.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur, þann 10. ágúst 2005 breytingu á deiliskipulagi/skilmálum við Byggðarenda/Ásenda, vegna lóðarinnar að Byggðarenda 13. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Teigahverfi, Sundlaugavegur 8.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur, þann 10. ágúst 2005 breytingu á deiliskipulagi Teigahverfis, vegna lóðarinnar að Sundlaugavegi 8.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 26. ágúst 2005.*

**Helga Bragadóttir.**

## REGLUGERÐ

### um bann við veiðum með fiskibotnvörpu í Víkurál.

1. gr.

Frá og með 30. ágúst 2005 eru allar veiðar með fiskibotnvörpu óheimilar á svæði í Víkuráli, sem markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66° 04'00 N – 26° 29'00 V
2. 66° 00'00 N – 26° 26'00 V
3. 65° 49'00 N – 26° 57'00 V
4. 66° 00'00 N – 26° 50'00 V

Þrátt fyrir ofangreint bann eru veiðar heimilar frá kl. 20.00 að kvöldi til kl. 08.00 að morgni.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt 16. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Frá sama tíma er felld úr gildi reglugerð nr. 692, 20. júlí 2005, um bann við veiðum með fiskibotnvörpu í Víkurál.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 29. ágúst 2005.*

F. h. r.  
**Jón B. Jónasson.**

*Þórður Eyþórsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 106 – 2005

30. ágúst 2005

1711

Nr. 791

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag á Akranesi.

*Breyting á deiliskipulagi í klasa 5 og 6.*

Á fundi sveitarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 7. júlí 2005, var samþykkt deiliskipulagsbreyting vegna Innnesvegur 1 í klasa 5 og 6 á Akranesi.

Breytingin felst m.a. í að byggingarreitur á lóð nr. 1 við Innnesveg, er stækkaður til norðurs sem nemur 5 metrum. Hámarksstærð byggingar verður 1.058 m<sup>2</sup> og nýtingarhlutfall 0,26. Bílastæði verða 66 talsins.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

*Akranesi, 30. ágúst 2005.*

Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs,

**Þorvaldur Vestmann.**

29. ágúst 2005

Nr. 792

## AUGLÝSING

### um útflutningsgjald af kindakjöti verðlagsárið 2005-2006.

Samkvæmt 5. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum hefur verið ákveðið að útflutningsgjald af kindakjöti verðlagsárið 2005-2006, verði kr. 192 á hvert kg af dalkakjöti.

Gutenberg

Auglýsing þessi er sett samkvæmt 29. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 29. ágúst 2005.*

F. h. r.  
**Ólafur Friðriksson.**

*Atli Már Ingólfsson.*

## SAMÞYKKT

### um hundahald á Fljótsdalshéraði.

#### 1. gr.

Hundahald á Fljótsdalshéraði, að undanteknu hundahaldi þarfahunda á lögbýlum og hunda sem notaðir eru til leitar- og björgunarstarfa, svo og aðstoðarhunda blindra og fatlaðra, sætir þeim takmörkunum sem getur í 3. grein samþykktar þessarar. Samkvæmt lögum um dýravernd nr. 15/1994 fer Umhverfisstofnun með mál er varða dýravernd.

#### 2. gr.

##### *Stjórnсыsla.*

Sveitarstjórn fer með umsýslu vegna samþykktar þessarar og getur ráðið sérstaka dýraeftirlitsmenn eða falið starfsmönnum sveitarfélagsins hlutverk dýraeftirlitsmanns. Þeir starfa í umboði heilbrigðisnefndar Austurlands.

#### 3. gr.

##### *Takmarkanir á hundahaldi.*

Sveitarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum leyfi til hundahalds, vegna hunda annarra en þeirra sem undantekning 1. gr. samþykktar þessarar tekur til, með eftirfarandi skilyrðum og gegn greiðslu leyfisgjalds. Leyfið er bundið við nafn og heimilisfang viðkomandi og er ekki framseljanlegt. Leyfið er einnig bundið við þann hund sem það er gefið út fyrir.

Sveitarstjórn skal halda skrá yfir hunda sem veitt er leyfi fyrir, þar sem fram koma upplýsingar um hundinn og eiganda hans eða forráðamann. Skráin skal vera aðgengileg lög-reglu, heilbrigðiseftirliti og dýraeftirlitsmanni, sé hann starfandi.

- a. Um hundahald í fjöleignarhúsum fer samkvæmt 13. tl. A-liðar 41. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús. Við skráningu hunds skal leggja fram skriflega staðfestingu allra umráðamanna íbúða hússins á samþykki þeirra, auk eiganda viðkomandi húsnæðis, sé um leiguhúsnæði að ræða. Þegar hús skiptist í aðgreinda hluta nægir samþykki þeirra eigenda sem hafa sameiginlegan inngang, stigagang eða annað sameiginlegt húsrými. Óheimilt er að halda hunda í fjöleignarhúsum ef hundur sannanlega veldur eða viðheldur sjúkdómum hjá íbúum.
- b. Hundur sem færður er til skráningar skal vera merktur með húðflúri eða örmerki skv. reglugerð um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni nr. 1077/2004. Eigandi hundsins skal strax að lokinni örmerkingu koma upplýsingum um númer örmerkis og nafn og kennitölu eiganda til sveitarstjórnar.
- c. Leyfisgjald fyrir hundahaldi skal greiða árlega til sveitarsjóðs, eftir gjaldskrá sem sveitarstjórn setur að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Austurlands samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Gjaldið skal ekki vera hærra en sem nemur rökstuddum kostnaði fyrir



veitta þjónustu og eftirlit og skal birt í B-deild Stjórnartíðinda. Í gjaldskrá er einnig heimilt að ákveða handsömunargjald.

Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn við skráningu hundsins og síðan árlega fyrirfram, fyrir lok febrúar ár hvert. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga, er heimilt að afturkalla leyfi til hundahalds.

Innifalið í skráningargjaldinu er ábyrgðartrygging, eigandi hunds ber annan kostnað svo sem af örmerkingu, hundahreinsun o.þ.h.

Við greiðslu leyfisgjalds ber leyfishafa að framvísa vottorði dýralæknis um að hundurinn hafi verið ormahreinsaður á undangengnum 12 mánuðum. Heimilt er að afturkalla leyfi til hundahalds ef hundahreinsun er ekki framkvæmd eftir settum reglum.

- d. Auk örmerkis skulu hundar bera hálsól með upplýsingum um heimilisfang eiganda og símanúmer.
- e. Óheimilt er að láta hund dvelja lengur en 2 mánuði á heimili án þess að sótt sé um leyfi fyrir honum. Ekki skal veita leyfi fyrir fleiri en tveim hundum á hverju heimili.
- f. Hundar skulu aldrei ganga lausir á almannafæri. Utandyra skulu hundar ávallt vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir þeim. Þegar hundur er í festi á húslóð, skal lengd festarinnar við það miðuð að óhindrað megi ganga að aðaldyrum hússins.
- g. Hundaeigendum ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varðar, þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu leyfisgjalds, sbr. ákv. b-liðar þessarar greinar, svo og fyrirmælum sem heilbrigðisnefnd setur.
- h. Bændum á lögbýlum er heimilt að hafa þarfahunda án greiðslu leyfisgjalds. Hundar á lögbýlum mega ganga frjálssir á landareign eigenda sinna. Að öðru leyti skulu slíkir hundar háðir ákvæðum þessarar samþykktar. Skylt er bændum á lögbýlum og eigendum hunda sem nefndir eru í 1. gr. hér að framan að sjá til þess að hundar þeirra séu ekki lausir á almannafæri.

#### 4. gr.

##### *Óheimilir staðir.*

Eigi er leyfilegt að hafa með sér hunda, þó í taumi séu, inn í opinberar stofnanir, skólahús, matvöruverslanir eða aðra þá staði sem um ræðir skv. ákvæðum 19. gr. reglugerðar nr. 941/2002. Slíkir staðir eru m.a. eftirfarandi skv. ákvæðum í fylgiskjali 3 með reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002:

Heilbrigðis- og meðferðarstofnanir.

Skólar.

Lækna- og tannlæknastofur.

Sjúkrahús og aðgerðarstofur.

Vistarverur handtekinna manna.

Heilsuræktarstöðvar.

Íþróttastöðvar og íþróttahús.

Gæsluvellir.

Snyrtistofur.

Nuddstofur og sjúkrahjálfun.

Sólbaðsstofur.

Húðflúrsstofur.

Samkomuhús, s.s. kirkjur, leikhús, hljómleikasalir, söfn og kvikmyndahús.

Gististaðir.

Veitingastaðir.

Sumarbúðir fyrir börn.

Um matvælafyrirtæki fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.

Heimilt er þó að fara með gæludýr inn í íþróttamannvirki, heilbrigðisstofnanir, snyrtistofur og aðra starfsemi sem sérstaklega eru ætluð dýrum.

5. gr.

*Ónæði og óþrif af völdum hunda.*

Eigendum hunda ber að sjá svo um að dýrið valdi ekki hávaða, ónæði, óþrifnaði né óhollustu.

Eigendum eða forráðamönnum hunda er skylt að sjá til þess að saur eftir hundinn sé fjarlægður á tryggilegan hátt.

Ef hundur veldur nágrönnum eða öðrum ítrekuðu ónæði, óþrifum eða tjóni, þá ber eiganda eða forráðamanni að leita leiða til að koma í veg fyrir slíkt.

6. gr.

*Handsömun hunda.*

Hunda sem fangaðir eru skv. eftirfarandi skal færa í sérstaka hundageymslu, sem hefur leyfi heilbrigðiseftirlits skv. hollustuháttareglugerð nr. 941/2002 og Umhverfisstofnunar.

Flækingshundar skulu teknir úr umferð. Sé ekki unnt að greina hver eigandinn er, með örmerki eða öðru skýru auðkenni, skal auglýsa eftir eiganda. Gefi eigandi sig ekki fram innan sjö sólarhringa frá birtingu auglýsingar er lögreglu eða dýraeftirlitsmanni heimilt að láta lóga viðkomandi hundi án frekari fyrirvara.

Merktir hundar á flækingsi skulu einnig teknir úr umferð og skal tilkynna um þá til eigenda. Ef eigandi hunds vitjar hans ekki innan sjö sólarhringa og gengst ekki við broti á samþykkt þessari, sé um slíkt að ræða, hefur lögregla eða dýraeftirlitsmaður, heimild til að láta lóga hundinum að þeim tíma liðnum. Umráðamaður hunds ber allan kostnað af handsömun, vörslu, fóðrun og aflífun, ef til þess kemur.

Hunda, sem ráðast á menn eða skepnur, skal fjarlægja og lóga þegar í stað í samráði við dýralækni.

7. gr.

*Eftirlit og refsiviðurlög.*

Lögregla og dýraeftirlitsmenn í umboði heilbrigðisnefndar hafa eftirlit með hundum samkvæmt samþykkt þessari og skulu þessir aðilar tilkynna sveitarfélagi um kærur sem þeim berast vegna meintra brota á samþykktinni.

Með brot á samþykkt þessari skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum.

Við minniháttar brot á samþykkt þessari skal eigandi hundsins sæta skriflegri áminningu. Endurtekin eða alvarleg brot geta leitt til leyfissviptingar.

Leyfishafa er skylt að greiða kostnað sem leiðir af brotum á samþykkt þessari.

8. gr.

Sveitarstjórn er heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf. Um slíkar ákvarðanir skal gætt ákvæða stjórnsýslulaga.

9. gr.

*Lagagrundvöllur.*

Samþykkt þessi staðfestist hér með skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt falla þá úr gildi eldri samþykktir um hundahald í sveitarfélaginu.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Þeir sem halda hunda við gildistöku samþykktar þessarar, en hafa ekki fengið til þess undanþágu frá takmörkunum við hundahaldi, skulu hafa aflað sér leyfis samkvæmt samþykkt þessari innan þriggja mánaða.

*Umhverfissráðuneytinu, 23. ágúst 2005.*

F. h. r.  
**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## **SAMÞYKKT**

### **um kattahald í Reykjavík.**

1. gr.

Kattahald í Reykjavík sætir eftirfarandi takmörkunum.

Samkvæmt lögum um dýravernd nr. 15/1994 fer Umhverfisstofnun með mál er varða dýravernd.

2. gr.

*Stjórnssýsla.*

Umhverfissvið Reykjavíkurborgar ber að sjá um að framfylgt sé ákvæðum samþykktar þessarar í umboði heilbrigðisnefndar Reykjavíkurborgar.

Öllum ákvörðunum sem umhverfissvið tekur á grundvelli samþykktar þessarar má skjóta til heilbrigðisnefndar til úrskurðar. Málskotsrétt eiga þeir sem hafa lögvarinna hagsmuna að gæta vegna þeirrar ákvörðunar og aðgerða sem um ræðir.

3. gr.

*Merking katta.*

Allir kettir eldri en fjögurra mánaða skulu örmerktir af dýralækni skv. stöðlum Alþjóða staðlaráðsins (ISO 11784 eða 11785). Eigendur katta skulu strax að lokinni örmerkingu katta koma upplýsingum um númer örmerkis og nafn og kennitölu eigenda til umhverfissviðs Reykjavíkurborgar sem heldur skrá um örmerkta ketti í Reykjavík.

Kettir skulu einnig bera hálsól með upplýsingum um heimilisfang eiganda og símanúmer.

4. gr.

*Gelding fresskatta.*

Gelda skal alla fressketti sex mánaða og eldri sem ganga lausir utandyra.

5. gr.

*Ormahreinsun.*

Eiganda eða umráðamanni kattar er skylt að láta ormahreinsa kött sinn árlega frá fjögurra mánaða aldri. Til ormahreinsunar katta gegn spóluormum skal nota ormalyf sem Lyfjastofnun hefur viðurkennt til þeirra nota.

Eigandi eða umráðamaður skal geyma hreinsunarvottorð í þrjú ár og framvísa því við eftirlitsaðila ef óskað er.

## 6. gr.

*Kattahald í fjöleignarhúsum.*

Um kattahald í fjöleignarhúsum fer að 13. tl. A-liðar 41. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús.

Óheimilt er að halda ketti í fjöleignarhúsum ef kattahaldið sannanlega veldur eða viðheldur sjúkdómum hjá íbúum.

## 7. gr.

*Óheimilir staðir.*

Ekki má hleypa köttum inn í húsrými eða á lóðir sem fjallað er um í fylgiskjali 3 með reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002.

## 8. gr.

*Ónæði og óþrif af völdum katta.*

Ketti skal halda þannig að ekki valdi hávaða, ónæði, óhollustu eða óþrifnaði.

Ef köttur veldur nágrönnum eða öðrum ítrekuðu ónæði, óþrifum eða tjóni, þá ber eiganda eða forráðamanni að leita leiða til að koma í veg fyrir slíkt.

## 9. gr.

*Handsömun katta.*

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkurborgar fer með eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar. Starfsmenn umhverfissviðs Reykjavíkurborgar starfa í umboði nefndarinnar og er sem slíkum heimilt að fanga í búr ketti í eftirfarandi tilfellum:

- a. Sé köttur ómerktur, hvort sem er með hálsól eða örmerki.
- b. Sé ítrekað kvartað undan ágangi katta á tilteknu svæði.
- c. Sé köttur innandyra hjá nágranna í leyfisleysi, á óheimilum stað sbr. 7. gr. eða án samþykkis í fjöleignarhúsi, sbr. 6. gr.

Ketti sem fangaðir eru skv. tölulið a. í 1. mgr. og ketti sem haldnir eru í fjöleignarhúsum án samþykkis meðeigenda, sbr. 6. gr., skal færa í sérstaka kattageymslu. Öðrum köttum skal sleppa lausum en eigendum eða umráðamönnum katta tilkynnt um handsömunina og ástæður hennar. Ítrekuð handsömun á köttum vegna ónæðis telst brot á 8. gr. samþykktarinnar og getur umhverfissvið bannað viðkomandi eiganda eða umráðamanni að halda kött í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Köttur sem ítrekað hefur verið handsamaður skal færður í kattageymslu.

Eigandi eða umráðamaður kattar sem fluttur eru í kattageymslu skal greiða handsömunar-, fóður- og vistunargjald samkvæmt gjaldskrá um kattahald í Reykjavík áður en hann er afhentur á ný. Sé köttur órmerktur skal eigandi hans greiða fyrir örmerkingu kattarins áður en hann er afhentur og fær gegn því beiðni sem nýta má hjá dýralækni til greiðslu fyrir örmerkingu. Ef kattar er ekki vitjað innan einnar viku frá handsömun, er heimilt að ráðstafa honum til nýs eiganda eða selja hann fyrir áföllnum kostnaði. Að öðrum kosti skal hann aflífaður.

Sé einsýnt að kattahald samræmist ekki ákvæðum samþykktar þessarar getur umhverfissvið Reykjavíkurborgar bannað viðkomandi kattahald. Skal handsömuðum ketti þá ráðstafað til nýs eiganda, hann seldur fyrir áföllnum kostnaði eða hann aflífaður.

## 10. gr.

*Tillit til fuglalífs á varptíma.*

Eigendum og umráðamönnum katta ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma, t.d. með því að hengja bjöllu á ketti og eftir atvikum takmarka útiveru katta.

## 11. gr.

*Lögregluáðstoð.*

Umhverfissvið getur ef þörf krefur leitað atbeina lögreglu við að framfylgja samþykkt þessari og ákvörðunum teknum á grundvelli hennar.

## 12. gr.

*Refsiviðurlög.*

Um brot á samþykkt þessari skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustu-hætti og mengunarvarnir.

## 13. gr.

*Lagagrundvöllur.*

Samþykkt þessi staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og öðlast gildi þegar við birtingu og fellur þá úr gildi samþykkt um kattahald í Reykjavík nr. 622/1999.

## 14. gr.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Ákvæði 9. gr. er varða ómerkta ketti taka gildi þrem mánuðum eftir gildistöku samþykktarinnar.

*Umhverfisráðuneytinu, 23. ágúst 2005.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

**SAMÞYKKT****um kattahald á Fljótsdalshéraði.**

## 1. gr.

Kattahald á Fljótsdalshéraði sætir þeim takmörkunum sem á er kveðið í þessari samþykkt. Samkvæmt lögum um dýravernd nr. 15/1994 fer Umhverfisstofnun með mál er varða dýravernd.

## 2. gr.

*Stjórnsýsla.*

Sveitarstjórn fer með umsýslu vegna samþykktar þessarar og getur ráðið sérstaka dýraeftirlitsmenn eða falið starfsmönnum sveitarfélagsins hlutverk dýraeftirlitsmanns. Þeir starfa í umboði heilbrigðisnefndar Austurlands.

## 3. gr.

*Um kattahald í dreifbýli.*

Kattahald í dreifbýli sætir að öllu jöfnu ekki takmörkunum. Þó getur sveitarstjórn, telji hún og héraðsdýralæknir brýna þörf á, takmarkað kattahald í dreifbýli.

## 4. gr.

*Skilyrði fyrir kattahaldi í þéttbýli.*

Þéttbýli er skilgreint sem: Þyrping húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra, sbr. skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Sveitarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum, sem búa í þéttbýli í sveitarfélaginu leyfi til kattahalds með ákveðnum skilyrðum. Leyfið er bundið við nafn og heimilisfang viðkomandi og er ekki framseljanlegt. Leyfið er einnig bundið við þann kött sem það er gefið út fyrir.

Sveitarstjórn skal halda skrá yfir ketti sem veitt er leyfi fyrir, þar sem fram koma upplýsingar um köttinn og eiganda hans. Skráin skal vera aðgengileg heilbrigðiseftirliti og dýraeftirlitsmanni, sé hann starfandi.

- a) Um kattahald í fjöleignarhúsum fer að 13. tl. A-liðar 41. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús. Þ.e. til að halda kött í fjöleignarhúsi þarf samþykki allra eigenda. Þegar hús skiptist í aðgreinda hluta nægir samþykki þeirra eigenda sem hafa sameiginlegan inngang, stigagang eða annað sameiginlegt húsrými. Óheimilt er þó að halda ketti í fjöleignarhúsum ef kattahaldið sannanlega veldur eða viðheldur sjúk-dómum hjá íbúum.
- b) Köttur sem færður er til skráningar skal vera merktur varanlega með húðflúri eða örmerki skv. reglugerð um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni nr. 1077/2004. Eigandi kattarins skal strax að lokinni örmerkingu koma upplýsingum um númer örmerkis og nafn og kennitölu eiganda til sveitarstjórnar.
- c) Leyfisgjald fyrir kattahaldi skal greiða árlega til sveitarsjóðs, eftir gjaldskrá sem sveitarstjórn setur að fenginni umsögn Heilbrigðiseftirlits Austurlands samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Gjaldið skal ekki vera hærra en sem nemur rökstuddum kostnaði fyrir veitta þjónustu og eftirlit og skal birt í B-deild Stjórnartíðinda. Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn við skráningu kattarins, og síðan árlega fyrirfram, fyrir lok febrúar ár hvert. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi. Innifalið í skráningargjaldinu er ábyrgðartrygging. Eigandi dýrs ber kostnað af merkingu dýrsins, hreinsun o.þ.h. Við greiðslu leyfisgjalds ber leyfishafa að framvísa vottorði dýralæknis um að kötturinn hafi á undangengnum 12 mánuðum verið hreinsaður af spóluormum sem og gögn um örmerkingu dýrsins.
- d) Auk örmerkis skulu kettir bera hálsól með upplýsingum um heimilisfang eiganda og símanúmer.
- e) Óheimilt er að láta kött dvelja lengur en þrjá mánuði á heimili án þess að sótt sé um leyfi fyrir honum.
- f) Ekki er leyfilegt að hafa fleiri en tvo ketti eldri en þriggja mánaða á sama heimilinu.
- g) Gelda skal alla fressketti sex mánaða og eldri sem ganga lausir utandyra.
- h) Leyfishöfum ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma t.d. með því að hengja bjöllur á hálsólar og halda köttum sínum innandyra að nóttu til á tímabilinu 1. maí til 30. júní.
- i) Leyfishafa ber að hafa sandkassa fyrir köttinn á sinni lóð.

## 5. gr.

*Óheimilir staðir.*

Ekki má hleypa köttum inn í húsrými eða á lóðir sem fjallað er um fylgiskjali 3 með reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002 né heldur húsnaði þar sem matvæli eru meðhöndluð.

Slíkir staðir eru m.a. eftirfarandi skv. ákvæðum í fylgiskjali 3 með reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002:

Heilbrigðis- og meðferðarstofnanir.

Skólar.

Lækna- og tannlæknastofur.

Sjúkrahús og aðgerðarstofur.

Vistarverur handtekinna manna.

Heilsuræktarstöðvar.

Íþróttastöðvar og íþróttahús.

Gæsluvellir.

Snyrtistofur.

Nuddstofur og sjúkrahjálfun.

Sólbaðsstofur.

Húðflúrsstofur.

Samkomuhús, s.s. kirkjur, leikhús, hljómleikasalir, söfn og kvikmyndahús.

Gististaðir.

Veitingastaðir.

Sumarbúðir fyrir börn.

Um matvælafyrirtæki fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.

#### 6. gr.

##### *Ónæði og óþrif af völdum katta.*

Eiganda kattar ber að sjá svo um að köttur hans valdi ekki hávaða, ónæði, óþrifnaði né óhollustu.

Ef köttur veldur nágrönnum eða öðrum ítrekuðu ónæði, óþrifum eða tjóni, þá ber eiganda eða forráðamanni að leita leiða til að koma í veg fyrir slíkt.

#### 7. gr.

##### *Handsömun katta.*

Sveitarstjórn er heimilt að láta veiða ketti í búr að höfðu samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands í eftirfarandi tilfellum:

- a) sé köttur ómerktur, hvort sem er með hálsól eða örmerki.
- b) Sé ítrekað kvartað undan ágangi katta á tilteknu svæði.
- c) Sé köttur innandyra hjá nágranna í leyfisleysi, á óheimilum stað eða án samþykkis í fjöleignarhúsi.

Meiriháttar föngun villikatta í þéttbýliskjörnum skal auglýsa með a.m.k. viku fyrirvara með tilmælum um að heimilisköttum sé haldið innandyra.

Ketti sem fangaðir eru skv. a-lið hér að ofan og ketti sem haldnir eru í fjöleignarhúsum án samþykkis meðeigenda/íbúa, sbr. 4. gr., a-lið skal færa í sérstaka kattageymslu, sem hefur leyfi heilbrigðiseftirlits skv. hollustuháttareglugerð nr. 941/2002 og Umhverfisstofnunar. Öðrum köttum skal sleppa lausum en eigendum eða umráðamönnum katta tilkynnt um handsömunina og ástæður hennar. Ítrekuð handsömun á ketti vegna ónæðis telst brot á 6. gr. samþykktarinnar og getur heilbrigðisnefnd Austurlands bannað viðkomandi eiganda eða umráðamanni að halda kött í lögsagnarumdæmi nefndarinnar. Köttur sem ítrekað hefur verið handsamaður skal færður í kattageymslu.

Tilkynna skal eiganda ef merktir kettir eru teknir úr umferð. Eigandi kattar sem fluttur er í kattageymslu skal greiða handsömunar-, fóður- og vistunargjald skv. gjaldskrá um katta-

hald í viðkomandi sveitarfélagi áður en hann er afhentur á ný. Sé köttur ekki örmerktur skal eigandi hans greiða fyrir örmerkingu kattarins áður en hann er afhentur og fær gegn því beiðni sem nýta má hjá dýralækni til greiðslu fyrir örmerkingu. Ef kattareigandi vitjar ekki kattarinn innan viku, er heimilt að farga kettinum án frekari fyrirvara. Kattareigandi ber allan kostnað af handsömun, vörslu, fóðrun og aflífun, ef til þess kemur.

Ef ekki er unnt að bera kennsl á kött með örmerki eða með merkingu á ól skal auglýsa eftir eiganda hans. Gefi eigandi sig ekki fram innan sjö sólarhringa frá birtingu auglýsingar er lögreglu eða dýraeftirlitsmanni heimilt að láta lóga viðkomandi ketti án frekari fyrirvara.

## 8. gr.

*Refsiviðurlög.*

Með brot á samþykkt þessari skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum.

Við minniháttar brot á samþykkt þessari skal eigandi kattarins sæta skriflegri áminningu. Endurtekin eða alvarleg brot geta leitt til leyfissviptingar.

Leyfishafa er skylt að greiða kostnað sem leiðir af brotum á samþykkt þessari.

## 9. gr.

*Lagagrundvöllur.*

Samþykkt þessi staðfestist hér með skv. ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt falla þá úr gildi eldri samþykktir um kattahald í sveitarfélaginu.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Þeir sem halda ketti við gildistöku samþykktarinnar, en hafa ekki skráð þá, skulu færa þá til skráningar samkvæmt samþykkt þessari innan þriggja mánaða.

*Umhverfisráðuneytinu, 22. ágúst 2005.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

**AUGLÝSING****um umferð í Stykkishólmi.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Frá gatnamótum Skólastígs og Silfurgötu er einstefna um Skólastíg til norðurs að gatnamótum Höfðagötu og Skólastígs.
2. Akstur hópferðabifreiða er bannaður inn á Höfðagötu að norðanverðu frá Skólastíg.

Reglur þessar taka gildi við birtingu þeirra.

*Sýslumaður Snæfellinga, 24. ágúst 2005.*

**Ólafur K. Ólafsson.**



# AUGLÝSING

## um heildarþyngd og áspunga ökutækja á þjóðvegum.

Með vísan til 13. gr. reglugerðar um stærð og þyngd ökutækja, nr. 688 frá 22. júní 2005, hefur Vegagerðin ákveðið mestu leyfilega heildarþyngd og leyfðan áspunga ökutækja á þjóðvegum sem hér segir:

A. Eftirtaldir þjóðvegir falla undir viðauka 1:

| Vegur nr. | Heiti              | Kafli   |
|-----------|--------------------|---|
| 1         | Hringvegur         | Reykjavík – Arnarvatn í Mývatnssveit<br>Reykjavík – Reykjahlíð í Mývatnssveit<br>Arnarvatn – Reykjahlíð frá 15 október til 15 apríl |
| 25        | Pykkvabæjarvegur   |   |
| 26        | Landvegur          |   |
| 264       | Rangárvallavegur   | Hringvegur við Hellu – Gunnarsholt  |
| 26        | Sprengisandsleið   | Þjórsárdalsvegur – Vatnsvirkjun   |
| 30        | Skeiðavegur        | Hringvegur – Flúðir   |
| 32        | Þjórsárdalsvegur   |   |
| 34        | Eyrarbakkevegur    |   |
| 35        | Biskupstungnabraut | Hringvegur – Reykholt   |
| 36        | Þingvallavegur     | Hringvegur – Helgafellsmelar (náma)   |
| 37        | Laugarvatnsvegur   | Biskupstungnabraut hjá Svínavatni – Laugarvatn  |
| 38        | Þorlákshafnarvegur | Ásamt ferjuleið til Vestmannaeyja   |
| 39        | Þrengslavegur      |   |
| 304       | Oddgeirshólavegur  | Hringvegur við Hraungerði – Oddgeirshólar (náma)  |
| 305       | Villingaholtsvegur | Hringvegur – Hróarsholtsnáma  |
| 40        | Hafnarfjarðarvegur |   |
| 41        | Reykjanesbraut     |   |
| 42        | Krýsuvíkurvegur    | Reykjanesbraut – Vatnsskarð (náma)  |
| 43        | Grindavíkurvegur   |   |
| 44        | Hafnavegur         |   |
| 45        | Garðskagavegur     |   |
| 46        | Víknavegur         |   |
| 47        | Hvalfjarðarvegur   |   |
| 49        | Nesbraut           |   |
| 410       | Ellidavatsvegur    | Breiðholtsbraut – Vífilsstaðavegur  |
| 411       | Arnarnesvegur      |   |
| 413       | Breiðholtsbraut    |   |
| 415       | Álftanesvegur      |   |
| 416       | Bessastaðavegur    |   |
| 421       | Vogavegur          |   |
| 423       | Miðnesheiðarvegur  |   |
| 424       | Keflavíkurvegur    |   |
| 425       | Nesvegur           |   |
| 429       | Sandgerðisvegur    |   |
| 431       | Hafravatnsvegur    | Innan þéttbýlismarka Mosfellsbæjar<br>Hringvegur við Geitháls – vegur í Pormóðsdal<br>Hringvegur – Sorpa                            |
| 4540      | Víðinesvegur       |   |
| 51        | Akrafjallsvegur    |   |
| 50        | Borgarfjarðarbraut | Hringvegur á Seleyri – Grjóteyri (náma)   |
| 54        | Snæfellsnesvegur   | Hringvegur – Stykkishólmsvegur  |
| 56        | Vatnaleið          |   |
| 58        | Stykkishólmsvegur  | Ásamt ferju til Brjánslækjar  |
| 574       | Útnesvegur         |   |

| Vegur nr. | Heiti                          | Kafli   |
|-----------|--------------------------------|---|
| 575       | Flugvallarvegur                |   |
| 576       | Framsveitarvegur               | Snæfellsnesvegur – Spjör (náma)                       |
| 59        | Laxárdalsvegur                 |   |
| 506       | Grundartangavegur              |   |
| 509       | Akranesvegur                   |   |
| 60        | Vestfjarðavegur                |   |
| 61        | Djúpvegur                      |   |
| 62        | Barðastrandarvegur             | Vestfjarðavegur – Patreksfjörður                      |
| 63        | Bíldudalsvegur                 | Patreksfjörður – Ketildalvegur                        |
| 64        | Flateyrarvegur                 |   |
| 65        | Súgandafjarðarvegur            |   |
| 606       | Karlseyjarvegur                |   |
| 607       | Reykhólasveitarvegur           | Vestfjarðavegur – Karlseyjarvegur                     |
| 612       | Örlygshafnarvegur              | Barðastrandarvegur – Gjögrar                          |
| 616       | Flugvallarvegur í Patreksfirði |   |
| 617       | Tálknafjarðarvegur             | Bíldudalsvegur – Stórilaugardalur                     |
| 619       | Ketildalvegur                  | Bíldudalsvegur – Bíldudalur                           |
| 625       | Valþjófsdalsvegur              |   |
| 627       | Önundarfjarðarvegur            |   |
| 631       | Flugvallarvegur Ísafirði       |   |
| 633       | Vatnsfjarðarvegur              |   |
| 640       | Borðeyrarvegur                 |   |
| 643       | Strandavegur                   | Djúpvegur – Drangsnesevegur við Hálsgötugil           |
| 645       | Drangsnesevegur                | Strandavegur – Drangsnese um Selströnd                |
| 72        | Hvammstangavegur               |   |
| 74        | Skagastrandarvegur             |   |
| 75        | Sauðárkróksbraut               |   |
| 76        | Síglufjarðarvegur              |   |
| 77        | Hofsósbraut                    |   |
| 704       | Miðfjarðarvegur                | Hringvegur – Urriðaá (náma)                           |
| 711       | Vatnsnesevegur                 | Hvammstangi – Kárastaðir (náma)                       |
| 715       | Víðidalvegur                   | Hringvegur – Víðidalstungunáma                        |
| 722       | Vatnsdalsvegur                 | Hringvegur – Bjarnastaðanáma                          |
| 731       | Svínvetningabraut              | Hringvegur – Finnstunga (náma)                        |
| 731       | Svínvetningabraut              | Hringvegur – Kleifar (náma)                           |
| 734       | Svartárdalsvegur               | Hringvegur – Fjós (náma)                              |
| 741       | Neðribyggðarvegur              | Skagastrandarvegur hjá Enni – Steypustöð              |
| 744       | Þverárfjallsvegur              | Gönguskarðsárbrú – Sauðárkróksbraut                   |
| 753       | Vindheimavegur                 | Hringvegur – Vallholtsnáma                            |
| 759       | Kjálkavegur                    | Hringvegur – Tunguá (náma)                            |
| 762       | Sæmundarhlíðarvegur            | Sauðárkróksbraut – Reynisstaðanáma                    |
| 7047      | Svertingsstaðavegur            | Hringvegur – Svertingsstaðir (náma)                   |
| 7230      | Uppsalavegur                   | Hringvegur – Uppsalar (náma)                          |
| 7596      | Minni-Akravegur                | Hringvegur – Dalsáreyrar                              |
| 82        | Ólafsfjarðarvegur              | Hringvegur – Ólafsfjörður                             |
| 83        | Grenivíkurvegur                |   |
| 85        | Norðausturvegur                | Brú á Skjálfandafljóti – Hringvegur á Möðrudalsöræfum |
| 87        | Kísilvegur                     |   |
| 805       | Svarfaðardalsvegur             | Ólafsfjarðarvegur – Bakki (náma)                      |
| 808       | Árskógssandsvegur              |   |
| 809       | Hauganesvegur                  |   |
| 811       | Hjalteyrarvegur                |   |
| 815       | Hörgárdalsvegur                | Ólafsfjarðarvegur – Björg (náma)                      |
| 816       | Dagverðareyrarvegur            | Hringvegur – Skipalón (náma)                          |
| 817       | Blómsturvallavegur             | Hringvegur – Blómsturvellir (náma)                    |

| Vegur nr. | Heiti                    | Kaffi                                      |
|-----------|--------------------------|--|
| 821       | Eyjafjarðarbraut vestri  | Hringvegur – Miðbraut                      |
| 823       | Miðbraut                 |  |
| 829       | Eyjafjarðarbraut eystri  | Hringvegur – Miðbraut                      |
| 830       | Svalbarðseyrarvegur      |  |
| 845       | Aðaldalsvegur            |  |
| 846       | Austurhlíðarvegur        | Hringvegur – Laugafiskur (fyrirtæki)       |
| 848       | Mývatnsvegur             |  |
| 863       | Kröfluvegur              |  |
| 870       | Kópaskersvegur           |  |
| 91        | Hafnarvegur í Bakkafirði |  |
| 92        | Norðfjarðarvegur         |  |
| 93        | Seyðisfjarðarvegur       |  |
| 94        | Borgarfjarðarvegur       |  |
| 96        | Suðurfjarðavegur         |  |
| 98        | Djúpavogsvegur           |  |
| 99        | Hafnarvegur              |  |
| 931       | Upphéraðsvegur           | Hringvegur við Úlfsstaði – Fljótsdalsvegur |
| 933       | Fljótsdalsvegur          | Upphéraðsvegur við Hengifossá – Austurleið |
| 984       | Hoffellsvegur            |  |
| 9340      | Norðurdalsvegur          | Fljótsdalsvegur – stöðvarhús               |
| F910      | Austurleið               | Fljótsdalsvegur – Snæfellsleið             |

B. Aðrir þjóðvegir falla undir viðauka II.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 1. september 2005.

*Vegagerðinni, 30. ágúst 2005.*

**Jón Rögnvaldsson.**

*Björn Ólafsson.*

## HAFNARREGLUGERÐ

### fyrir Sandgerðishöfn.

1. gr.

*Stærð og takmörk hafnarinnar.*

*Hafnarsvæði.*

*Takmörk á sjó eru:* 2400 metra frá stórstraumsfjöruborði. Öll Sandgerðisvíkin, ásamt víkum og vogum, sem takmarkast að sunnan, af Búðarhólma, Munkasetri og áframhaldandi af Bjárskerseyri, en að norðan, bein lína úr Þorvaldi í fjörumörk milli Sandgerðis og Flankastaða.

*Takmörk á landi eru:* Lína sem dregin er með austur lóðamörkum við Hafnargötu 8 – 9 í Vitann og með austur lóðamörkum Norðurgarðs 4.

*Landsvæði hafnarinnar skiptast í:*

- Hafnarbakka og bryggjur.
- Farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði.
- Götur.
- Lóðir, iðnaðar- og baksvæði.

## 2. gr.

*Stjórn hafnarinnar.*

Sandgerðisbær, er eigandi hafnarinnar. Sveitarstjórn fer með yfirstjórn hafnamála, en framkvæmdastjórn skal falin hafnarstjórn og hafnarstjóra.

Hafnarstjórn er kjörin af sveitarstjórn og þeim reglum er gilda um kjör fastra nefnda sveitarstjórnar. Hafnarstjórn skipa 5 fulltrúar og 5 til vara og er kjörtímabil þeirra hið sama og sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn Sandgerðisbæjar kýs formann úr hópi kjörinna hafnarstjórnarmanna. Hafnarstjórn skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Auk hinna kjörnu fulltrúa skal hafnarstjóri sitja fundi hafnarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt.

## 3. gr.

*Starfs- og valdsvið hafnarstjórnar.*

Hafnarstjórn hefur umsjón með fjármálum, rekstri, viðhaldi og nýbyggingum hafnarinnar. Leita skal staðfestingar sveitarstjórnar á fjárhagsáætlun hafnarsjóðs svo og lántökum hafnarsjóðs lengur en yfirstandandi fjárhagsár.

Hafnarstjórn hefur ákvörðunarvald um rekstur hafnarinnar, svo sem ráðstöfun á aðstöðu, þ.m.t. leiga á húsnæði í eigu hafnarinnar og landi hennar.

Hafnarstjórn veitir leyfi til starfsemi á hafnarsvæðinu og hefur vald til að banna eða takmarka afnot hafnarsvæðis fyrir starfsemi sem hún telur torvelda eðlilegri hafnarstarfsemi.

Hafnarstjórn gerir tillögur til sveitarstjórnar varðandi skipulagsmál á hafnarsvæðinu, enda hafi tillögurnar fengið umfjöllun skipulagsnefndar. Byggingarmál á hafnarsvæðinu skulu hljóta umfjöllun hafnarstjórnar áður en þau eru lögð fyrir sveitarstjórn.

## 4. gr.

*Starfs- og valdsvið hafnarstjóra.*

Hafnarstjóri er skipaður af hafnarstjórn og fer hann með daglega stjórn hafnarinnar í umboði hafnarstjórnar. Hafnarstjóri undirbýr mál sem leggja á fyrir hafnarstjórn, veitir viðtöku erindum til hennar og sér um framkvæmd samþykktar hafnarstjórnar. Hann veitir hafnarstjórn og sveitarstjórn upplýsingar um málefni hafnarinnar. Hann sér um að fjárhagsáætlun sé fylgt og ber ábyrgð á fjárreiðum hafnarsjóðs. Hann er yfirmaður allra starfsmanna hafnarinnar og sér um ráðningu þeirra og uppsögn.

Hafnarstjóri skal vinna störf sín í samræmi við ákvæði hafnalaga og hafnareglugerða, auk reglugerðar þessarar og fara að öðru leyti eftir samþykktum hafnarstjórnar og sveitarstjórnar.

Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu á öllu hafnarsvæðinu hvort sem er á sjó eða landi. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans, eða þeirra sem hann felur störf við eftirlit og aðgæslu.

## 5. gr.

*Um aðra starfsmenn hafnarinnar.*

Hafnarstarfsmenn sem hafa umsjón með eignum hafnarinnar, gæta reglu og sinna skipaþjónustu, skulu bera skilríki um starf sitt og/eða einkennisbúning samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi en skipunum starfsmanna ber að hlýða þegar í stað. Telji einhver sig órétti beittan af hálfu starfsmanna hafnarinnar getur hann kært það til hafnarstjóra.

Hafnarstjórn ræður fasta starfsmenn hafnarinnar en fólk til afleysinga ræður hafnarstjóri.

## 6. gr.

*Hafnsaga og önnur þjónusta við skip.*

Skip sem ætlar til Sandgerðishafnar og nota vill hafnsögumann skal gera boð um það til hafnsögumanns með minnst 3ja klst fyrirvara. Skip sem eru 60 metrar eða lengri, mega ekki fara inn í höfnina án samráðs við hafnarstjóra.

Óski skipstjóri viðkomandi skips eftir hafnsögumanni er því ekki heimilt að koma nær innsiglingunni en svo, að ein sjómíla sé í innsiglingardufl við Hamarssund. Vísar hafnsögumaður skipinu leið til hafnar og má eigi yfirgefa það án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er komið í viðlegu.

Heimilt er hafnsögumanni, meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu að banna hverjum þeim, sem ekki á lögmætt erindi að koma á skipsfjöl. Meðan hafnsögumaður dvelur um borð, ber skipinu að sjá honum fyrir fæði.

Dráttarbátur hafnarinnar er í þjónustu og ábyrgð þess skips, er þeir aðstoða, frá því þeir taka við taug, eða fyrirmælum stjórnanda skipsins, er aðstoðar nýtur, og þar til taug er sleppt eða fyrirmæli gefin um að aðstoð sé lokið. Hafnsögumaður skal vera í skipi, er það nýtur aðstoðar dráttarbáts.

Hafnsögumaður ákveður notkun báta og mannafla hverju sinni. Hafnarstarfsmenn sjá um bindingu skipa, vatnsafgreiðslu og tengingu rafmagns.

## 7. gr.

*Löggæsla á hafnarsvæði.*

Lögreglan í Keflavík hefur á hendi almenna löggæslu á hafnarsvæðinu.

Þeim sem ekkert lögmætt erindi eiga á hafnarsvæðinu er bannað að dvelja þar ef þeir með því tálma lestun, losun eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hverskonar ökutækja og ónauðsynlega umferð gangandi fólks um bryggju, hafnarbakka, farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði á hafnarsvæðinu. Fólk sem fer um hafnarsvæðið er þar ávallt á eigin áhættu og ábyrgð.

Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni. Sömu leiðis er bannað að skjóta flugeldum á hafnarsvæðinu án leyfis.

Sand- og malarnám og önnur slík starfsemi er bönnuð á hafnarsvæðinu án leyfis hafnarstjóra. Fiskveiðar á hafnarsvæðinu mega ekki trufla eðlilega umferð og afgreiðslu. Bannað er að leggja veiðarfæri á merktar siglingaleiðir og er heimilt að fjarlægja slík veiðarfæri bóta-laust.

Hafnarstjóra skal þegar í stað tilkynnt um það sem bjargað er í höfninni en hann gefur lögreglunni skýrslu, telji hann þörf.

## 8. gr.

*Bryggjur, skipsflök og hlutir í hirðuleysi.*

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur þar sem það, að álitu hafnarstjóra, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal það fært burtu svo fljótt sem auðið er af eiganda, umráðamanni eða öðrum sem málið varðar. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns og skal það flutt á öruggan stað, að vali og eftir mati hafnarstjóra.

Hafnarstjóra er heimilt að láta selja viðkomandi skip, til lúkningar á kostnaði, á hvern þann hátt sem hagkvæmastur þykir, að undangenginni áskorun til eiganda og/eða umráðamanns um að fjarlægja skipið tafarlaust. Sala fari fram á kostnað og ábyrgð eiganda og/eða umráðamanns skips.

Skipsflök má ekki draga á land á hafnarsvæðinu án leyfis hafnarstjóra.

Ef skip, bátar, bryggjur, flutningstæki á landi eða annar búnaður, í eigu annarra en hafn-

arinnar, er í hirðuleysi á hafnarsvæðinu og/eða veldur óþrífnaði eða hættu, þá skal hafnarstjóri fyrirskipa eiganda og/eða umráðamanni að gera nauðsynlegar úrbætur innan ákveðins frests. Sé slíkum fyrirmælum ekki sinnt, má fjarlægja viðkomandi hlut á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns og koma fyrir í geymslu á öruggum stað, eftir vali og mati hafnarstjóra.

Hafnarstjóra er heimilt að láta selja viðkomandi hlut á hvern þann hátt sem hagkvæmastur þykir, til lúkningar á kostnaði, að undangenginni áskorun til eiganda og/eða umráðamanns um að fjarlægja hlutinn tafarlaust. Sala fari fram á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns.

#### 9. gr.

##### *Varnir gegn mengun og óþrífnaði.*

Engum úrgangi eða rusli má kasta í höfnina eða ytri höfn hennar.

Bannaður er hvers konar hvalskurður í eða við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt, inn í höfnina, hvali, skipsflök eða neitt það sem valdið getur óþrífnaði, umferðartruflun eða óþægindum í höfninni nema leyfi hafnarstjóra komi til.

Öllum skipum, farartækjum svo og verksmíðjum og öðrum atvinnurekstri er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina olíu, lýsi, olíusora eða öðru sem valdið getur mengun.

Skip sem hyggjast taka fljótandi eldsneyti skulu áður hafa gert ráðstafanir til að eldsneyti renni ekki í sjóinn af þilfari ef óhapp verður við eldsneytistöku. Afgreiðsluáðila er óheimilt að afgreiða olíu til skipa sem ekki hafa, að mati hafnarstarfsmanna, gert forsvaranlegar ráðstafnir til varnar mengun.

Um varnir gegn mengun sjávar og viðurlög við mengunarbrotum fer samkvæmt gildandi lögum á hverju tíma.

#### 10. gr.

##### *Beiðni um og skilyrði fyrir þjónustu.*

Allir þeir sem óska eftir afgreiðslu fyrir skip, láni á tækjum eða þjónustu á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til starfsmanna hafnarinnar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða þjónustu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar og hafa ekki sinnt ítrekuðum áskorunum hafnarinnar um greiðslu gjaldfallinna gjalda. Í slíkri áskorun skal geta um þær afleiðingar af vanskilum sem koma fram í 1. málslíð greinarinnar.

#### 11. gr.

##### *Hverjum gefa skal fyrirmæli.*

Fyrirmæli samkvæmt reglugerð þessari skulu gefin skipstjóra en stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi. Ef stýrimaður er einnig fjarverandi má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipanir og er það jafngilt sem skipstjóri hefði sjálfur tekið við skipunum.

#### 12. gr.

##### *Um skaðabótaskyldu.*

Um skaðabótaskyldu þeirra sem leið eiga um höfn og hafnarsvæði, vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum fer eftir almennum skaðabótareglum.

Ef ekki næst samkomulag um fjárhæð skaðabóta skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra matsmanna, dómkvöddum af héraðsdómi Reykjaness. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að óska dómkvæðningar samkvæmt þessari grein. Kostnaður af mati greiðist að jöfnu.

Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, innan mánaðar frá því matsgerð samkvæmt 2. mgr. liggur fyrir og hefur verið kynnt aðilum. Til yfirmats skal dómkveðja þrjá matsmenn. Kostnaður við yfirmat greiðist af þeim sem þess krafðist, nema það sé honum í vil, þá skal kostnaður greiðast að jöfnu.

Niðurstaða dómkvaddra matsmanna, hvort sem er samkvæmt 2. eða 3. mgr. skal vera endanleg niðurstaða um bótafjárhæð.

13. gr.

*Kæruheimild.*

Notendum Sandgerðishafnar er heimilt að skjóta ákvörðunum hafnarstjórnar samkvæmt reglugerð þessari, öðrum en gjaldskrárákvörðunum, til Siglingastofnunar Íslands. Ákvörðunum Siglingastofnunar má skjóta til samgönguráðherra. Um málsmeðferð fer samkvæmt ákvæðum stjórnarsýslulaga.

14. gr.

*Brot.*

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Um mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

15. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 4. gr. hafnalaga nr. 61/2003 og 17. gr. laga nr. 417/2003 um vaktstöð siglinga, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Sandgerðishöfn nr. 376/1985, með síðari breytingum.

*Samgönguráðuneytinu, 18. ágúst 2005.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

## AUGLÝSING

### um hættumat fyrir Suðureyri við Súgandafjörð.

Samkvæmt 2. og 4. mgr. 4. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997, með síðari breytingum, hefur ráðherra þann 30. ágúst 2005 staðfest tillögur hættumatsnefndar Ísafjarðarbæjar að hættumati vegna ofanflóða fyrir Suðureyri við Súgandafjörð.

Hættumatið hefur verið auglýst og kynnt í samræmi við 2. mgr. 4. gr. laga nr. 49/1997, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats.

Hættumatið öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 30. ágúst 2005.*

**Sigríður Anna Þórðardóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 456/1994 um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum með síðari breytingum.

#### 1. gr.

17. tölul. 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Vélknúin farartæki, nema báta á sjó til fuglaveiða enda gangi þeir ekki hraðar en níu sjómílur meðan á veiði stendur. Vélknúin farartæki á landi, önnur en vélsleða, fjórhjól og önnur torfærutæki, má nota til að flytja veiðimenn til og frá veiðilendum og þá eingöngu á vegum eða merktum vegaslóðum. Skotvopn skulu vera óhlaðin meðan á akstri stendur. Þau skulu einnig vera óhlaðin nær vélknúnu farartæki á landi en 250 m.

#### 2. gr.

5. tölul. 2. mgr. 8. gr., sem felldur var niður með reglugerð nr. 716/2003, orðast svo: Heimilt er að veiða rjúpu frá 15. október til og með 30. nóvember, sbr. þó 9. gr.

#### 3. gr.

Á eftir 8. gr. reglugerðarinnar koma tvær nýjar greinar og breytist töluröð annarra greina samkvæmt því. Hinar nýju greinar orðast svo:

##### a. (9. gr.)

Allar rjúpnaveiðar eru óheimilar innan svæðis sem birt er í viðauka I við reglugerð þessa og markast í norðri af lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, Mosfellsbæ, austurhluta Mosfellsheiðar í Grímsnes- og Grafningshreppi og Skálafells og Skálafellshálsi í Grímsnes- og Grafningshreppi, Bláskógabyggð og Kjósarhreppi. Hið friðaða svæði í Skálafelli og Skálafellshálsi markast af Kjósarskarðsvegi (48) frá vegamótum við Þingvallaveg (360) að vegamótum við Meðalfellsveg (461) og þaðan að brú á Svínadalásá og er ánni síðan fylgt að mörkum Reykjavíkur um Svínaskarð. Norðurhluti svæðisins markast síðan af Þingvallavegi frá gatnamótum Kjósarskarðsvegar að Grafningsvegamótum og þaðan af línu sem dregin er í austur frá Grafningsvegamótum í Þingvallavatn. Svæðið markast í austri af Þingvallavatni og fylgir síðan austurbakka Sogs og Ölfusár til sjávar.

##### b. (10. gr.)

Óheimilt er að flytja út, bjóða til sölu eða selja rjúpur og rjúpnaafurðir. Með sölu er átt við hvers konar afhendingu gegn endurgjaldi.

Sölubann skv. 1. mgr. nær ekki til innfluttra rjúpna og rjúpnaafurða. Innflytjanda og seljanda ber að tryggja að innfluttar rjúpur og rjúpnaafurðir séu þannig merktar við innflutning og sölu að fram komi í hvaða landi þær eru upprunnar.

#### 4. gr.

10. gr., sem verður 12. gr., orðast svo:

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum eða fangelsi allt að 2 árum og sviptingu skotvopna- og veiðileyfis.

Gera má lögaðila sekt fyrir brot gegn 10. gr. Um refsíabyrgðina fer eftir II. kafla A almennra hegningarlaga.

Tilraun til brota gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru á grundvelli þeirra, varða refsingu sem fullframið brot, sbr. III. kafla almennra hegningarlaga. Hið sama gildir um hlutdeild í brotum.

Gera má upptækt til ríkissjóðs: Ólöglegt veiðifang, egg eða eggjaskurn, veiðitæki og



annan búnað sem notaður hefur verið við framkvæmd brots, veiðifang sem boðið er til sölu eða selt í bága við sölubann skv. 10. gr., svo og hagnað af ólöglegri veiði og sölu framan- greindra verðmæta. Ekki er það upptöku til fyrirstöðu þótt annar sé eigandi veiðitækis eða annars sem upptaka er heimil á en sá sem sekur hefur reynst um brot á lögum þessum eða reglum settum á grundvelli þeirra. Að öðru leyti skal fara um eignaupptöku samkvæmt ákvæðum 69. gr. almennra hegningarlaga.

## 5. gr.

Við reglugerðina bætist viðauki I, sem birtur er í fylgiskjali við reglugerð þessa.

## 6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. og 17. gr. a laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.


*Umhverfisstofnun, 30. ágúst 2005.*

**Sigríður A. Þórðardóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*

### Fylgiskjal.

#### VIÐAUKI I



## AUGLÝSING

### um hættumat fyrir Súðavík.

Samkvæmt 2. og 4. mgr. 4. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997, með síðari breytingum, hefur ráðherra þann 30. ágúst 2005 staðfest tillögur hættumatsnefndar Súðavíkurhrepps að hættumati vegna ofanflóða fyrir Súðavík.

Hættumatið hefur verið auglýst og kynnt í samræmi við 2. mgr. 4. gr. laga nr. 49/1997, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats.

Hættumatið öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 30. ágúst 2005.*

**Sigríður Anna Þórðardóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*

## AUGLÝSING

### um hættumat fyrir Þingeyri við Dýrafjörð.

Samkvæmt 2. og 4. mgr. 4. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997, með síðari breytingum, hefur ráðherra þann 30. ágúst 2005 staðfest tillögur hættumatsnefndar Ísafjarðarbæjar að hættumati vegna ofanflóða fyrir Þingeyri við Dýrafjörð.

Hættumatið hefur verið auglýst og kynnt í samræmi við 2. mgr. 4. gr. laga nr. 49/1997, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats.

Hættumatið öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 30. ágúst 2005.*

**Sigríður Anna Þórðardóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*

## AUGLÝSING

### um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 5/2005.

Flugmálastjórn Íslands hefur ákveðið að þann 1. janúar 2006 skulu taka gildi reglur Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu (European Organisation for the Safety of Air Navigation (EUROCONTROL), ESARR 3. útg. 1.0) sem gefnar voru út þann 17. júlí 2000, um öryggisstjórnunarkerfi flugleiðsöguþjónustu (Use of Safety Management Systems by ATM Service Providers), sbr. ákvörðun nr. 5/2005.

Ákvörðun þessi er birt í heild sinni í flugmálahandbók Flugmálastjórnar Íslands, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands).

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 1. september 2005.*

**Porgeir Pálsson** flugmálastjóri.

## AUGLÝSING

**um breytingu á auglýsingu um tímabundna takmörkun á innflutningi á tilteknu fersku og frosnu grænmeti sem er upprunnið í Thailandi, nr. 779/2005.**

1. gr.

Í stað tollnúmerisins 1212.9009 í 1. mgr. 3. gr. auglýsingarinnar komi númerið 1212.9900.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í 28. og 29. gr., sbr. 10. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995, sbr. og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

Auglýsingin öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 31. ágúst 2005.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

## AUGLÝSING

**um deiliskipulag virkjunar í Fjarðará, Seyðisfirði.**

Á fundi bæjarstjórnar Seyðisfjarðar sem haldinn var þann 4. júlí 2005, var samþykkt deiliskipulag virkjunar í Fjarðará, Seyðisfirði.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir að byggðar verði tvær sjálfstæðar raforkuvirkjanir, Gúlsvirkjun, 2,5 MW og Bjólfsvirkjun, 4,9 MW, til viðbótar þeirri sem fyrir er og var byggð 1913. Stærstu lónin verða Heiðarvatn sem stækkar úr um 0,66 km<sup>2</sup> í um 1,76 km<sup>2</sup> og Þverárlón sem verður um 0,33 km<sup>2</sup>.

Deiliskipulagið var auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

*Seyðisfirði, 30. ágúst 2005.*

**Sigurður Jónsson** byggingarfulltrúi.

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfirði.

*Breyting á deiliskipulagi Helluhrauns, athafnasvæði, 1. áfangi, Móhella 1.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 11. ágúst 2005 breytingu á deiliskipulagi Helluhrauns, athafnasvæði, 1. áfangi, Móhella 1. Breytingin felst í að lóðinni Móhelli 1 er skipt í 2 lóðir, Móhelli 1 og Íshellu 8. Skilmálar Móhelli 1 breytast og verður hámarkshæð byggingar 15 m (4 hæðir) frá aðalgólfi, að hluta. Nýtingarhlutfall verður 0,7. Íshellu 8, nýtingarhlutfall verður 0,6. Farið var með breytinguna samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Breyting á deiliskipulagi Valla, miðsvæði, reitur 9.1, Tjarnarvellir 1.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 31. maí 2005 breytingu á deiliskipulagi Valla, miðsvæði, reitur 9.1. Í breytingunni felst m.a. að lóð A9 sameinast lóð A8 og bílastæði verða á norðurhluta lóðar og munu þau tilheyrja bæjarlandi. Farið var með breytinguna samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 29. ágúst 2005.*

**Bjarki Jóhannesson** sviðsstjóri.

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag frístundabyggðar við Selvatn í landi Selmarkar, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti á fundi sínum 8. júní sl. tillögu að deiliskipulagi frístundabyggðar við Selvatn í landi Selmerkur, Mosfellsbæ.

Skipulagstillagan nær til lands Selmerkur sem er 7,97 ha og er gert ráð fyrir skiptingu þess í fjórar spildur og byggingu á níu nýjum frístundahúsum.

Skipulags- og byggingarskilmálar og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 29. ágúst 2005.*

**Tryggvi Jónsson** bæjarverkfræðingur.

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag svæðis fyrir íbúðar- og frístundabyggð í landi Beinárgerðis á Völlum, Fljótshéraði.

Bæjarstjórn Fljótshéraðs samþykkti þann 2. mars 2005 deiliskipulag svæðis fyrir íbúðar- og frístundabyggð í landi Beinárgerðis á Völlum. Deiliskipulagssvæðið nær yfir um 6,3 ha skika í landi Beinárgerðis, austan Þjóðvegur nr. 1, Austurlandsvegur. Gert er ráð fyrir allt að 17 nýjum byggingum innan marka skipulagsins. Ofangreint deiliskipulag hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Fljótshéraði, 29. ágúst 2005.*

**Ómar P. Björgólfsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

## SAMÞYKKT

### um búfjánhald í Borgarfjarðarhreppi.

#### 1. gr.

Samþykkt þessi er sett til að tryggja sem best skipulag, stjórn og eftirlit með búfjánhaldi í Borgarfjarðarhreppi, með ákvæðum um vörsluskyldu og ábyrgð allra búfjáreigenda. Ákvæði um vörsluskyldu á jafnt við búfjáreigendur á lögbýlum sem utan þeirra.

#### 2. gr.

Með búfjánhaldi samkvæmt samþykkt þessari er átt við nautgripa-, hrossa-, sauðfjár-, svína-, kanínu-, loðdýra-, geita- og alifuglahald, samanber lög um búfjánhald o.fl. nr. 103/2002.

Búfjánhald utan lögbýla er óheimilt án leyfis hreppsnefndar Borgarfjarðarhrepps. Sá sem stunda vill búfjánhald utan lögbýla, skal senda skriflega umsókn til hreppsnefndar. Í umsókninni skal gera grein fyrir fjölda búfjár, sem halda skal, hvernig geymslu skuli háttað, haggöngu þess og öðru, sem máli kann að skipta um öryggi þess og vörslu. Telji hreppsnefndin að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem krafist er, veitir hún leyfi til búfjánhalds.

Leyfisveiting til búfjánhalds skuldbindur ekki Borgarfjarðarhrepp til að sjá búfjáreigendum fyrir beitilandi handa búfénu né veita þeim aðstöðu til búfjánhalds.

Leyfi til búfjánhalds er veitt til óákveðins tíma og er uppsegjanlegt með eins árs fyrirvara, miðað við 15. júní ár hvert.

Samþykki hreppsnefndar er háð gildandi lögum og reglum um búfjánhald, eins og þær eru á hverjum tíma og er gefið út á nafn og er ekki framseljanlegt. Allt búfé skal einstaklingsmerkt eigendum sínum, samkvæmt reglugerð um merkingar búfjár nr. 289/2005.

#### 3. gr.

Allir þeir, sem við gildistöku samþykktar þessarar, eiga eða hafa í umsjá sinni búfé sem fellur undir samþykktina, teljast hafa samþykki hreppsnefndar til búfjánhalds.

## 4. gr.

Lausaganga hrossa er bönnuð í Njarðvík, Borgarfirði, Húsavík og Loðmundarfirði og er hrossaeigendum skylt að halda hrossum sínum á afgirtum svæðum. Um töku og meðferð hrossa sem ekki eru í öruggri vörslu, fer eftir 33. – 35. gr. laga um afréttamálefni, fallskil o.fl., nr. 6/1986 með síðari breytingum.

## 5. gr.

Með mál vegna brota á samþykkt þessari, skal farið að hætti opinberra mála, sbr. 18. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps, staðfestist hér með, skv. lögum um búfjárhald o.fl., nr. 103/2002, sbr. einnig lög um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986 með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 26. ágúst 2005.*

F. h. r.

**Hákon Sigurgrímsson.**

---

*Atli Már Ingólfsson.*

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð nr. 948/2002, ásamt síðari breytingum,  
um uppruna og ræktun íslenska hestsins.**

## 1. gr.

Í liðnum um knapa og og umráðamenn í I. viðauka, III. grein orðist síðasta málsgreinin svo:

Notkun reiðhjálma er skylda og skulu þeir vera spenntir. Hjálarnir skulu bera merkinguna IST EN 1384:1996 og CE samræmingarmerki. Sjá reglugerð nr. 635/1999 um persónuhlífar til einkanota.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 19. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 26. ágúst 2005.*

F. h. r.

**Hákon Sigurgrímsson.**

---

*Atli Már Ingólfsson.*

## GJALDSKRÁ

### fyrir sérstakt búfjárefirlit í Dalabyggð.

1. gr.

Gjald fyrir sérstaka haustskoðun, sbr. 11. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárefirlit o.fl., skal miðast við tímaeiningu. Gjald á tímaeiningu sem er ein klst. skal vera kr. 5.000.

2. gr.

Eftirlitsgjald, sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárefirlit o.fl., skal vera kr. 5.000 pr. klst.

3. gr.

Aksturskostnaður vegna ferða eftirlitsmanns, sbr. 1. og 2. gr., skal greiddur af hlutað-eigandi umráðamanni búfjár. Kostnaður pr. ekinn km miðast við gjald sem ákveðið er af ferðakostnaðarnefnd fjármálaráðuneytisins.

4. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku skv. 1., 2. og 3. gr.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt hefur verið í sveitarstjórn Dalabyggðar, er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002 og tekur þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 26. ágúst 2005.*

F. h. r.

**Hákon Sigurgrímsson.**

*Atli Már Ingólfsson.*

## AUGLÝSING

### um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir olíubirgðastöð Atlantsolíu, kt. 590602-3610, Óseyrarbraut, Hafnarfirði. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 15. apríl 2015.

*Umhverfisstofnun, 25. mars 2005.*

**Davíð Egilson** forstjóri.

*Sigurbjörg Gísladóttir,  
forstöðumaður stjórnsýslusviðs.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi á lóð nr. 1 við Holtabyggð í Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 16. ágúst 2005 breytingu á deiliskipulagi á lóð nr. 1 við Holtabyggð í Hafnarfirði. Breytingin felst í tveimur byggingarreitum sitt hvorum megin við íbúðarhúsið. Framangreind lóð stækkar um 5 m til vesturs og stækkar úr 1612,8 fm í 1812,8 fm. Breyting verður á staðsetningu bílastæða. Farið var með breytinguna samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 26. ágúst 2005.*

**Anna Sofia Kristjánsdóttir** arkitekt.

2. september 2005

Nr. 814

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 382, 30. mars 2005.

1. gr.

2. ml. 2. mgr. 5. gr. orðist svo: Leyfi til þessara veiða skulu bundin því skilyrði að fari hlutur bolfisks yfir 15% af heildarafla á hverju veiðitímabili, sbr 1. mgr., skal leggja gjald á viðkomandi útgerð vegna þess bolfiskafla sem umfram 15% er skv. lögum nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmarks sjávarafla.

2. gr.

Við 8. gr. reglugerðarinnar bætist ný mgr. sem orðist svo: Við veiðar í dragnót í Faxaflóa er óheimilt að nota steinastiklara (rockhoppara) á fótreiði dragnótarinnar.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 6. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 12. september 2005.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 2. september 2005.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Þórður Eypórsson.*

24. ágúst 2005

Nr. 815

## GJALDSKRÁ

### fyrir búfjáreftilit í Austurbyggð.

1. gr.

Gjald fyrir haustskoðun sbr. 11. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl. skal miðast við tímaeiningu. Gjald á tímaeiningu, sem er ein klst., er kr. 5.000.



## 2. gr.

Eftirlitsgjald sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl. skal vera kr. 5.000 á tímaeiningu.

## 3. gr.

Aksturskostnaður vegna ferða eftirlitsmanna sbr. 1. og 2. gr. skal greiddur af umboðsmanni hlutaðeigandi búfjár. Kostnaður á hvern ekinn kílómetra miðast við gjald sem ákveðið er af ferðakostnaðarnefnd fjármálaráðuneytis. Virðisaukaskattur reiknast á hverja gjaldtöku skv. 1., 2. og 3. gr.

## 4. gr.

Purfi að leita dómsúrskurðar til að tryggja eftirlitsaðilum aðgang að gripahúsum sbr. 15. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl., skal hlutaðeigandi umráðamaður búfjár greiða gjald, sem nemur útlögðum kostnaði sveitarsjóðs í hverju úrskurðarmáli.

## 5. gr.

Endurskoðun gjaldskrár þessarar skal fara fram við afgreiðslu fjárhagsáætlunar sveitarsjóðs hvert ár.

## 6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga um búfjárhald o.fl., nr. 103/2002 og tekur þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 24. ágúst 2005.*

F. h. r.

**Ólafur Friðriksson.**

*Atli Már Ingólfsson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi við Marargrund 11 í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi við Marargrund 11 í Garðabæ sem fengið hefur meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Í breytingunni felst að byggingarreitur stækkar til NV.

Skipulagsbreytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*F.h. Garðabæjar, 1. september 2005.*

**Bergljót S. Einarsdóttir** skipulagsfulltrúi.

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 935/2004 um innflutning gæludýra og hundasæðis.

#### 1. gr.

Við 22. gr. bætist nýr liður:

- g) *Orthomyxoviridae*: Á síðustu þremur vikum fyrir innflutning skal taka blóðsýni til rannsóknna á mótetnum gegn orthomyxoveirum (Avian influenza H5 og H7). Reynist sýnið jákvætt er innflutningur óheimill.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 19. gr. laga nr. 54/1990, um innflutning dýra, ásamt síðari breytingum og 17. gr. laga nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 23. ágúst 2005.*

F. h. r.

**Ólafur Friðriksson.**

*Atli Már Ingólfsson.*

6. september 2005

Nr. 818

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Garði.

*Deiliskipulag norðan Brautarholts.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Garðs þann 6. apríl 2005 samþykkt deiliskipulag norðan Brautarholts.

Deiliskipulagið tekur til svæðis norðan Brautarholts.

Greinargerð og uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Garði, 6. september 2005.*

**Sigurður Jónsson** bæjarstjóri.

1. september 2005

Nr. 819

## REGLUR

### um breyting á reglum nr. 32/2005, um skattmat vegna tekna manna tekjuárið 2005, með síðari breytingum.

#### 1. gr.

Í stað „60“, „71,30“ og „89,90“ í kafla 3.1. Frádráttur kostnaðar á móti ökutækjastyrk, kemur: „61,50“, „70,80“ og „89,20“.

2. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 121. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, og öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 1. september 2005.*

F. h. r.

**Marianna Jónasdóttir.**

Guðmundur Thorlacius.

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn  | Blaðsíðutal |
|-----|------------|--|-------------|
| 816 | 1. sept.   | Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi við Marargrund 11 í Garðabæ .....  | 1738        |
| 817 | 23. ágúst  | Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 935/2004 um innflutning gæludýra og hundasæðis .....                        | 1739        |
| 818 | 6. sept.   | Auglýsing um skipulagsmál í Garði .....  | 1739        |
| 819 | 1. sept.   | Reglur um breyting á reglum nr. 32/2005, um skattmat vegna tekna manna tekjuárið 2005, með síðari breytingum ..... | 1739-1740   |

